

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 6. febrúar 2006, kl 17:15.

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Helga Björk Ólafsdóttir, Ólafur Elisson, Gylfi Sigurðsson, Bertha Johansen, Finnbogi Friðfinnsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

1. Skólastarfið og það helsta framundan:

Skólameistari gerði grein fyrir starfinu frá síðasta fundi, en það hefur verið mjög hefðbundið. Samstarfsnefnd kennara og skólans um gerð stofnanasamnings sótti ágætt námskeið á Selfossi 25. janúar og hefur haldið allmarga fundi, enda gengur starf hennar nokkuð vel. Skólameistari sótti fund í Menntamálaráðuneytinu 3. febrúar, þar sem fjallað var um nemendaspá og útgjaldahorfur ársins 2007. Lagði hann þar fram tölur um nemendafjölda í efstu bekkjum grunnskólanna í Eyjum sem benda til þess að nemendum í skólanum muni fjölga nokkuð á næstu þremur árum, líklega í 250 – 260. Einnig var lögð fram ósk um að í fjárlagatillögum fyrir árið 2007 verði gert ráð fyrir stofnbúnaðarfé til bókasafns skólans.

Framundan er átak í forvörnum, sem sérstaklega beinist að yngstu nemendum skólans. Til að það verði markvissara er búið að panta, í samvinnu við Vestm.eyjabæ, útdrátt úr rannsókn á vímuefnanotkun nemenda og ýmsum félagslegum þáttum sem skoðaðir voru veturinn 2004 -2005. Einnig stendur til að kaupa sérstakt kennslukerfi (Námsskjár), til að bæta kennsluna og þjónustu við nemendur. Væntanlegur er fundur með fulltrúum nefndar um endurskoðun starfsnáms og í mars verða opnir dagar og árshátíð ásamt heimsókn sendikennara ofl.

2. Kynningarátak vorið 2006.

Skólameistari lagði fram nokkrar hugmyndir til skoðunar vegna fyrirhugaðs kynningaátaks. Nefndarmenn ræddu málið og voru sammála um að haldið yrði áfram og reynt að gera þetta átak sem markvissast, þó að hér væri vissulega horft til lengri tíma varðandi nemendafjölgun, sem er jú markmiðið.

3. Skólasamningur.

Til stóð að undirrita nýjan skólasamning, en af því varð ekki þar sem samningurinn hafði ekki borist frá ráðuneytinu.

4. Önnur mál.

Finnbogi gerði grein fyrir nokkuð fjölbreyttu starfi nemendafélagsins. Nefndi hann söngvakeppni, böll, spilakvöld, hæfileikakeppni, óvissuferð og árshátíð.

Jón spurði um sjálfsmatsvinnu og könnun meðal útskriftarnema.

Næsti fundur verður þann 6 mars.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 18:40

Ólafur H. Sigurjónsson.